



22120139



International Baccalaureate®  
Baccalauréat International  
Bachillerato Internacional

**ICELANDIC A1 – STANDARD LEVEL – PAPER 1**  
**ISLANDAIS A1 – NIVEAU MOYEN – ÉPREUVE 1**  
**ISLANDÉS A1 – NIVEL MEDIO – PRUEBA 1**

Thursday 10 May 2012 (morning)

Jeudi 10 mai 2012 (matin)

Jueves 10 de mayo de 2012 (mañana)

1 hour 30 minutes / 1 heure 30 minutes / 1 hora 30 minutos

---

**INSTRUCTIONS TO CANDIDATES**

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Write a commentary on one passage only. It is not compulsory for you to respond directly to the guiding questions provided. However, you may use them if you wish.
- The maximum mark for this examination paper is *[25 marks]*.

**INSTRUCTIONS DESTINÉES AUX CANDIDATS**

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Rédigez un commentaire sur un seul des passages. Le commentaire ne doit pas nécessairement répondre aux questions d'orientation fournies. Vous pouvez toutefois les utiliser si vous le désirez.
- Le nombre maximum de points pour cette épreuve d'examen est *[25 points]*.

**INSTRUCCIONES PARA LOS ALUMNOS**

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Escriba un comentario sobre un solo fragmento. No es obligatorio responder directamente a las preguntas que se ofrecen a modo de guía. Sin embargo, puede usarlas si lo desea.
- La puntuación máxima para esta prueba de examen es *[25 puntos]*.

Fjallaðu um **annan** af eftirfarandi textum.

1.

Sjöundárbóndinn blés þungan og tók að þjakka grassvörðinn í ferhyrndar þökur, lögulegar, staflaði þeim af natni, gekk að verki með gætni og fyrirhyggju án þess að líta upp.

Augnaráði hans hafði ég ekki mætt aftur frá því við heilsuðumst.

Þegar Páll sá, hvar ég valdi legstaðinn, komu á hann vomur; rétt á eftir arkaði hann  
5 leiðar sinnar.

Stundarkorn stóð ég þögull – þá varð mér að orði:

Það eru sem næst tvö ár síðan þú tókst fyrstu stunguna á þessum stað, Bjarni Bjarnason.

Ójá, tvö eilífðarár, ansaði Bjarni – en leit ekki upp að heldur.

Aftur varð æðiþögn.

10 Þá rétti grafarinn úr sér, strauk sveita af enni sér, leit á mig augunum bláu, sem samansettum úr kvörnuðum kristallsmolum – hóf máls:

Manstu eftir fuglabjarginu í fyrrasumar? sagði hann, og eitthvað, sem átti víst að vera bros, gáraði gult skeggið: Þegar nibban lét undan og ég hékk á fingrum annarrar handar ...

15 Þá bauð mér í grun, að ég yrði brátt lagður hérna við hliðina á höldunum mínum\*, stundi hann við, þreif klakahöggið, pældi þelann í gríð og erg, mokaði ísglitrandi mylsninni og köggglunum upp á grafarbarminn, varp aftur öndu mæðulega: Það fór á aðra lund ...

20 Atburður sá, er hann þarna vék að, stóð mér glöggt í minni: himingnæfur brimsorfinn sævarhamar – úr ruggandi bátskel sýndist hann samrunninn háloftunum; fárviðrið af háværum fugli, glithvítt tinnublikandi svartfuglslöður, er þyrlaðist sem sjálfgefið framhald brimöldunnar uppeftir svörtum klettinum og hvarf í móðu bjargsins.

Þá er ég í bernsku sá álíka sjón fyrsta sinni, kom mér ekki annað til hugar en það væri hafið sjálft í tröllskap sínum, er spúði vængjuðu fisklöðri úr kviði sér.

25 Meira að segja í fyrrasumar hafði farið um mig náhrollur andspænis þessu dulramma ódrepanði ögurlífi, þessum bráðlifandi blindbyl tilveru, sem hrósar sigri í gargi, ódaun og saurindum, og blóðborið lífið endurfæðist æ ofan í æ, sprettur ungt og eilífferskt upp úr berri klöppinni – á hverju einasta vori.

30 Víst mundi ég þann dag, mundi sem hefði það gerst í gær, Bjarna og hina fylglarana – þeir skriðu sem flugur upp og ofan hrjúft hamrastálið, mundi eftir skvampi því, er brotna nibban og annað grjóthrun olli; mundi eftir eflingsmanni hangandi á fingrum annarrar handar – ærslafengið brimrótið beið þess að gleypa hann.

Þá hafði honum orðið hugsað til höldanna sinna. Vitaskuld hafði honum orðið hugsað til höldanna sinna ...

Hefur þú heyrt um váfuglinn kolsvarta, er kvað hafa sést vokka yfir Sandinum? varð mér á að spyrja.

35 Frá blautu barnsbeini berast mönnum til eyrna feiknin öll af óvitahjali, ansaði Bjarni æðrulaust: Fólk er svo hræðslugjarnt – og nýtur þess. Ég legg lítinn trúnað á kerlingabækur.

Verður þú aldrei hræddur?

Við hvað ætti ég að vera hræddur!

Varstu ekkert smeykur daginn sæla í fuglabjarginu?

40 Ekki svo orð sé á gerandi, að ég held ... Ég mundi allt í einu eftir jólnunum, þegar ég var svólítill patti – fyrir sjónir mér bar hlýjan bjarna, sem af kertaljósum. Þessir hérna – höldarnir mínir – virtust á næsta leiti. Mér lá við að sleppa takinu ... En það er nú svona! Maður er löngum frekur til fjörsins, brosti hann dapurlega við að minnast þess.

- 45 Mér varð orðfall.  
Skömmu síðar lét ég hann einan eftir við grafirnar sínar – sagði þó í því ég hélt leiðar minnar:  
Líttu inn og þiggðu hressing að verki loknu.  
Bjarna dvaldist.  
Þegar ég tók í mig að svipast um eftir honum var hann farinn.

Gunnar Gunnarsson, *Svartfugl* (1929)

---

\* höldunum mínum: höldarnir er gæluheiti Bjarna á látnum sonum sínum

- Fjallaðu um þær aðferðir sem höfundur notar til að draga upp mynd af persónu Bjarna.
- Ræddu hvernig höfundur notar náttúruna til að skapa ákveðið andrúmsloft.
- Hvað geturðu sagt um táknræna merkingu fugla í kaflanum?

2.

## „Ljáðu mér vængi“

„Grágæsamóðir!  
ljáðu mér vængi,“  
svo ég geti svifið  
suður yfir höf.

- 5 Bliknuð hallast blóm í gröf,  
byrgja ljósið skuggatröf\*;  
ein ég hlýt að eiga töf  
eftir á köldum ströndum,  
ein ég stend á auðum sumarströndum.
- 10 Langt í burt ég líða vil,  
ljá mér samfylgd þína!  
Enga vængi á ég til,  
utan löngun mína,  
utan þrá og æskulöngun mína.
- 15 Lof mér við þitt létta fley  
lítið far að binda;  
brimhvít höf ég óttast ei  
eða stóra vinda.  
Okkar bíður blómleg ey,
- 20 bak við sund og tinda,  
bak við sæ og silfurhvíta tinda.  
Eftir mér hún ekki beið, –  
yst við drangann háa  
sá ég hvar hún leið og leið
- 25 langt í geiminn bláa, –  
langt í geiminn vegalausa, bláa.

Hulda, *Sumargjöf I* (1905)

---

\* skuggatröf: samsett orð myndað af orðunum skuggi og traf (kögur eða þunnt lín)

- Fjallaðu um hvernig vísunin í þjóðkvæði í upphafi ljóðsins og val höfundarins á ljóðformi hefur áhrif á þá stemmningu sem ljóðið skapar.
  - Ræddu áhrif breyttra endurtekninga í ljóðinu.
  - Hvað geturðu sagt um þá mynd sem höfundurinn dregur upp af ljóðmælandanum í ljóðinu?
-